

Unnið að uppsetningu sýningar FÍM. Edda Jónsdóttir úr sýningarnefndinni með höggmynd eftir Sigrúnu Guðmundsdóttur í farangrinum.

Hálft annað hundrað verka eftir 35 höfunda:

Haustsýning F.Í.M. að Kjarvalsstöðum

Í dag laugardaginn 26. september kl. 15:00 opnar sýning Félags íslenskra myndlistarmanna að Kjarvalsstöðum. Á sýningunni eru 142 myndverk eftir 35 höfunda. Tuttugu félagsmenn sýna 101 verk en 15 utanfélagsmenn sýna 41 verk.

Að þessu sinni voru fjórir myndlistarmenn valdir í svokallaðan kjarna og sýna fleiri verk en aðrir þátttakendur sýningarinnar. Markmiðið með kjarnanum er að auka á samfellu í heildaryfirbragði sýningarinnar. Þeir sem kjarnann skipa að þessu sinni eru: Björg Þorsteinsdóttir, — myndir með blandaðri tækni, Hildur Hákonardóttir, — vefnaður, Hrólfur Sigurðsson , — málverk, Ragnar Kjartansson, — höggmyndir.

Sýningarnefnd bárust alls rúmlega 300 myndverk eftir 74 höfunda svo færri komust að en vildu. Sýningin stendur fram til sunnudagsins 11. október n.k.

Þess má að lokum geta, að á haustsýningu FÍM árið 1979 létu nokkrir skrá sig sem styrktarfélaga FÍM og verður sami háttur hafður á nú.

Reglur fyrir styrktarfélaga eru þessar: Nöfn styrktarfélaga munu framvegis birtast í sýningarskrá haustsýningar og í ársskýrslu FÍM. Styrktarfélagar fá ókeypis aðgang að samsýningum félagsins og kaupi þeir myndverk þar gegn staðgreiðslu, fá þeir 10% afslátt frá félaginu. Enn fremur er ætlunin að efna árlega til happdrættis fyrir styrktarfélaga, þar sem dregið verður úr myndverkum félagsins.

Árgjald styrktarfélaga er nú kr. 400.00.



Eitt verkanna á sýningu FÍM er eftir höfunda, sem kalla sig H.H.—23 og er sagt dulspekilegs eðlis.

Lagneta-veiðar stöðvaðar

Sjávarútvegsráðuneytið hefur ákveðið að stöðva allar lagnetaveiðar frá og með næstu mánaðamótum.

Við ákvörðun reglna um síldveiðar í haust lagði ráðuneytið til grundvallar að afli lagnetabáta ykist ekki verulega frá fyrra ári.

Heildarafli lagnetabáta þann 22. september s.l. var kominn í rúmar 1.100 lestir en voru á sl. ári samtals rúmar 700 lestir.

Undir þetta bann á lagnetaveiðum falla allir þeir bátar, sem ekki eru búnir reknetahristurum og hafa sérstök leyfi til reknetaveiða.

— lg.

Innflutningur erlendra fiskiskipa:

Tekinn af frílista

Viðskiptaráðuneytið hefur ákveðið að innflutningur fiskiskipa sem verið hafa á frílista skuli framvegis háður innflutningsleyfum. Er þessi ákvörðun tekin að höfðu samráði við sjávarútvegsráðuneytið.

Þessi ákvörðun þýðir ekki bann við innflutningi á fiskiskipum, heldur aukið eftirlit af hálfu stjórnvalda.

Áður fyrr gátu hverjir þeir sem vildu og höfðu fjárhagslegt bolmagn keypt og flutt til landsins erlend fiskiskip að vild, svo framarlega sem innlendar lánastofnanir komu þar ekki við sögu.

— lg.

Ráðstefna á vegum SÍBS

Atvinnumál öryrkja

Formannafundur og ráðstefna SÍBS um atvinnumál öryrkja verður haldinn að Hótel Esju næstkomandi þriðjudag og hefst kl. 9.30. Til umræðu verða innri mál SÍBS svo sem kynningarstarfsemi og félagsmál, aldraðir SÍBS félagar, reykingavarnir á vinnustöðum o.fl. Frummælendur verða Kjartan Guðnason formaður SÍBS, Haukur Þórðarson yfirlæknir og Björn Ólafur Hallgrímsson formaður SAO.

Kl. 10.30 hefst erindaflutningur um atvinnumál öryrkja og stjórnar þeim Oddur Ólafsson. Erindi flytja Gylfi Ásmundsson (Rannsókn og mat á vinnuhæfni öryrkja), Steinar Gunnarsson (öryrkjavinna á Múlalundi), Halldór Rafnar (öryrkjavinna Blindrafélagsins) og Björn Ástmundsson (öryrkjavinna á Reykjalundi). Að loknum erindaflutningi verða umræður og fyrirspurnir. Síðdegis verður farið í heimsókn að Múlalundi og í nýbyggingu að Hátúni 10 C

— ekh.

ÞÝSKUR SUNNUDAGUR á Esjubergi
HOTEL ESJA

VR 1891
Myndlistar-sýning
félagsmanna í VR
stendur yfir í LISTASAFNI ALÞÝÐU
á horni Fellsmúla og Grensásvegar.
Sýningunni lýkur **4. október 1981.**
Opið frá kl. 14—22.00.
Allir velkomnir
Verzlunarmannafélag Reykjavíkur

Námsflokkar Reykjavíkur
Auglýsa:
Nemendur í **grunnskóladeild, hagnýtum verslunar og skrifstofustörfum, 1. og 2. ári framhaldsskóla,** mæti í Laugalækjarskóla mánudaginn 28. sept. kl. 20:00.
Námsflokkar Reykjavíkur.

Русский язык
Rússneskunámskeið MÍR
MÍR efnir í vetur til námskeiða í rússnesku fyrir byrjendur og framhaldsnemendur. Kennari verður Sergei Alisjonok frá Moskvu. Innritun og upplýsingar í skrifstofu MÍR, Lindargötu 48, laugardaginn 26. sept. kl. 14—18 og á mánudag, þriðjudag og miðvikudag kl. 17—19. Síminn er 17928.
MÍR

Útför eiginmanns míns
Dagnýs Bjarnleifssonar skósmiðs
verður gerð frá Fossvogskapellu kl. 13,30 n.k. þriðjudag 29. þ.m.
Blóm vinsamlega afþökkuð, en þeim sem vildu minnast hins látna er bent á líknarstofnanir.
f.h. aðstandenda
Steinunn Sigurðardóttir

Útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,
Valgerðar Andrésdóttur
fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 28. sept. kl. hálf tvö.
Lýður Björnsson — **Guðbjörg Óskarsdóttir**
Ólafur Björnsson
Elinborg Björnsdóttir — **Hans Rödtang**
Sigurbjörg Björnsdóttir — **Höskuldur Stefánsson**
Örn Grundfjörð
Barnabörn og barnabarnabörn.